

Atlantic Leather ehf.  
Gunnsteinn Björnsson  
Borgarmýri 5  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík 27. desember 2018  
UST201812-181/gf  
08.10.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2018 – sútunarverksmiðja Atlantic Leather ehf. á Sauðárkróki**

Þann 6. nóvember sl. fór fram eftirlit í sútunarverksmiðju Atlantic Leather ehf. á Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en bent var á BAT skýrslur (Reference Document for tanning of Hides and Skins) þar sem kröfur til sútunarverksmiðja koma fram. Eins var rekstraraðila gert að senda Umhverfisstofnun teikningar af fráveitulögnum verksmiðjunnar og eins afrit af öryggisblöðum fyrir íblöndunarefni vegna vinnslu í verksmiðjunni.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantic Leather Sauðárkrókur



Dags eftirlits	6.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Atlantic Leather	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Borgarmýri 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5101101290	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnsteinn Björnsson	ÍSAT nr.	15.11.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

EKKI KOM FRAM FRÁVIK FRÁ KRÖFUM Í STARFSLEYFI.

Rekstraraðila var bent á að skoða BAT kröfur og leggja mat á hvort verksmiðjan uppfylli BAT kröfur (Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Tanning of Hides and Skins, IED 2010/75/EU).

Ábendingar voru gerðar um að rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun afrit af öryggisblöðum fyrir íþlöndunarefni sem notuð eru í verksmiðjunni og teikningar af fráveitulögnum í gólfí og lóð verksmiðjunnar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið byrjaði á fundi með Gunnsteini Björnssyni frá Atlantic Leather, Höllu Einarsdóttur og Gottskálk Friðgeirssyni frá Umhverfisstofnun og Sigríði Hjaltadóttur frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra sem var viðstödd eftirlitið.

Dagskrá

1. Fundur með rekstraraðila
  - a. Lóð og húsnæði
  - b. Kröfur til mengunarvara
    - i. Hljóð- hávaði
    - ii. Lykt – kvartanir nágranna
    - iii. Loftgæði – hreinsun lofts
    - iv. Frárennsli – hreinsun afrennslis
    - v. Flokkun úrgangs og efnageymslur
2. Skoðun á verksmiðjunni
3. Samantekt og kvittun

Umhverfisstofnun tók við eftirliti með rekstaraðila á árinu. Ný reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvamaeftirlit færði eftirlit með rekstraraðila frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra til Umhverfisstofnunar. Starfsleyfi Atlantic Leather var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra í desember 2017 og gildir til 20. desember 2029. Með reglugerð sem var í gildi við útgáfu starfsleyfisins var vinnsla og úrvinnsla á eftum úr jurta- og dýraríkinu, þ.m.t. leðurvinnsla í flokki fyrirtækjá þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og í auglýsingu nr. 582/2000 fylgja almenn starfsleyfisskilyrði fyrir þennan flokk fyrirtækja.

Í nýri reglugerð falla sútunarverksmiðjur undir I og IX viðauka. Sútunarverksmiðjur með framleiðslugetu yfir 10 tonn á dag heyra undir I viðauka en aðrar sútunarverksmiðjur heyra undir IX viðauka. Nýja reglugerðin gerir ráð fyrir að gert sé áhættumat fyrir reksturinn og tilíni eftirlits ákvæði í samræmi við það.

Almennu starfsleyfisskilyrðin sem starfsleyfið tekur mið af gera einkum kröfur til lóðar og húsnæðis, til mengunarvama, að reksturinn valdi ekki sérstökum álagi umhverfið, beiti bestu fáanlegu tækni og skipuleggi örkonotkun á sem vistvænastan hátt.

Fulltrúi rekstraraðila fór yfir ferla við sútun á húðum og roði. Saltaðar húðir og frosin roð berast til verksmiðjunnar. Salt er skolað af húðum og roð aðfýdd. Húðir og roð eru þrifin og hreistur, hár og fita er hreinsuð af hráefninu. Hráefnin eru látin liggja í basískri lausn og bakteriu- og sveppaefni eru gjarnan notuð í þessu skrefi til þess að koma í veg fyrir rotnun. Brúnsápur og jafnvel ensím eru notuð í þessu þepi til þess að hreinsa fitu og hár af hráefninu og undirbúa húðir og roð fyrir næsta þrep.

Næsta þrep er að hráefnið er lagt í súran þækil og þar fer hin eiginlega sútunin fram. Notuð eru salt og maurasýra, síðar fitur og krómsambönd (eða tannin sem eru efnaðar unnin úr trjáberki) ásamt áloxíði. Sútunin er það þegar efnablandan í þæklinum veldur því að kollagen í húðum og roð myndar fjölliður þannig að afurðin mykist upp og verður slitsterk og hindrar áhrif baktería (rotnar-síður).

Síðasta þrep er litun þegar það er gert og þurrkun. Húðir eru skafnar og yfirborðsmeðhöndlaðar, húðaðar o.s.frv.

Notaðir eru leðurlitir af mörgum gerðum.

1a. Rætt var um húsnæði og lóð. Starfsemin er í samræmi við skipulag. Lóðin er iðnaðarlóð og samskipti við bæjaryfirvöld ágæt. Snytilegt var um að litast utandyra. Gámur fyrir úrgang er á lóðinni og Flokka ehf. sér um úrgangsmál rekstraraðila. Helstu úrgangsflokkar eru lífrænn úrgangur, s.s. fita og hreistur af roði og húðum, annar lífrænn úrgangur við meðhöndlun og frágang á skinnum, og eins afskurður og kusk frá slípun skinnanna (úr pokasíum). Eins leggjast til um 500 kg af notuðu krómsúlfati á ári.

1b. Hljóðmæling utandyra hefur ekki verið gerð, en starfsemin er ekki hávaðasöm og engar kvartanir hafa borist. Sama á við um lykt frá starfsseminni. Engar kvartanir hafa borist.

Grófhreinsun í frárennslí hreinsar gráfustu agnir úr frárennslí verksmiðjunnar og pokasíur eru við rykuppsprettur innandyra.

Engra mælinga í frárennslí er krafist en Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra létt mæla þríja málma, kadmíum, króm og nikkel fyrir tveimur árum og var magn króms í frárennslí allhátt og bent á að rekstraraðili meti hvort hreinsun í frárennslí uppfylli BAT kröfur (Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Tanning of Hides and Skins, IED 2010/75/EU). Farið er fram á að teikningar af fráveitulögnum í gólfí og lóð verksmiðjunnar verði sendar Umhverfisstofnun.

Útblásturloft frá sútunarverksmiðju er yfirleitt ekki vandamál. Rykagnir koma frá slípivélum og eru pokasíumar á slípivélum fyrir roð og skinn. Útblástursloft getur líka innihaldið rokgjörn efni frá lífrænum leysum sem notaðir eru í framleiðslunni, eins er uppgufun á vettissúlfid og ammoníaki frá vinnslunni.

Flokka ehf. þjónustar rekstraraðila með úrgang frá hreinsivirkjum. Kvittanir liggja fyrir.

Mikið magn efna eru notuð við sútun, bæði sýrur og basar ásamt salti og málmsamböndum. Eins eru fjöldi litarefna notuð við frágang hráefnsins.

Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitu og rekstraraðila bent á að skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvárnarbúnaði, magni og gerð spilliefna sem send eru í eyðingu, mengunaróhöppum og öðrum rekstarþáttum og að setja fyrirtækinu mælanleg umhverfismarkmið muni koma fyrirtækinu vel gagnvart kaupendum framleiðslunnar og eins gagnvart áhættumati Umhverfisstofnunar sem fyrirhugað er að gera og mun verða notað við á ákvarða tilni eftirlits stofnunarinnar hjá Atlantic Leather.

2. Gengið var um verksmiðjuna með rekstraraðila. Hráefnalager, forvinnslu, sútun og litun á roði og húðum. Eins þar sem slípun og frágangur fer fram og í gegnum vörulager af tilbúinni vörum. Margir brúsar af efnum bæði til forvinnslu, sútunar og litunar á roð og skinnum voru í húsinu og var farið fram á að rekstraraðili sendi stofnuninni öryggisblöð (SDS) vegna efna sem notuð eru í vinnslunni.

## ÁBENDINGAR

1 Rekstraraðila var bent á að skoða BAT kröfur og leggja mat á hvort verksmiðjan uppfylli BAT kröfur (Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Tanning of Hides and Skins, IED 2010/75/EU).

2 Ábending var gerð um að rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun afrit af öryggisblöðum fyrir íþlöndunarefni sem notuð eru í verksmiðjunni.

3 Ábending var gerð um að rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun teikningar af fráveitulögnum í gólfí og lóð verksmiðjunnar.


## ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vökja athygli á í þágu heiisuverdar, umhverfisverdar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.12.2018

  
Gottskálk Friðgeirsson